

Nd.

482. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun millipinganefndar til þess að ihuga landbúnaðarlöggjöf landsins.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið ásátt um tillöguna, og vill minni hlutinn hjer með gera stuttlega grein fyrir ástæðum sínum og tillögu.

Um allangan tíma undanfarið hefir öll hin eðlilega fólksfjölgun þjóðarinnar leitað sjer verkefna í bæjunum og þorpunum, mestmegnis við þá atvinnu, sem skapast hefir við hina auknu sókn á fiskimiðin við strendur landsins. Og því frekari hefir aðsóknin að sjónum þó verið, að sveitir landsins eru smátt og smátt að tæmast af fólki og leggjast í auðn.

Þetta er það, sem við blasir um atvinnuhætti þjóðarinnar. Það má ef til vill segja, að enn þá hafi þessi misvöxtur höfuðatvinnugreina þjóðarinnar ekki komið verulega að sök. Hitt er þó auðsætt, að þessi straumur þjóðlífsins hefir ekki verið með öllu annmarkalaus, og því síður álitlegt að svo haldi fram.

Annarsvegar höfum við stórt og strjálbyggt land, lítt ræktað í samanburði við það, sem vera mætti, og þannig með næg skilyrði til að veita hinni eðlilegu fólksfjölgun gnótt viðfangsefna og skilyrði til framfæris. Aukin byggð á landinu með tilsvarendi aukinni ræktun gerði landið verðmætara, atvinnuhætti þjóðarinnar eðlilegri og traustari og drægi úr ókostum og örðugleikum strjálbýlisins.

Eyðist það, sem af er tekið. Fiskimið, þó auðug sjeu, geta rýrnað og fiskmergðin gengið svo til þurðar, að veiðin borgi sig ekki, svo sem dæmi þekkjast til. Og þegar lítið er til núverandi ástæðna, þá virðist svo, sem ekki megi stórmikið út af bera með fiskisæld eða markaðsskilyrði eða aðrar ástæður, svo sem kaupgjald, svo að fiskveiðarnar bíði við það varanlegan hnekki og verði að draga saman og skilji þá eftir bjargræðislausu nokkuð af því fólki, sem byggt hefir atvinnu sína á þeim. Og þá verður örðugt og seintækt að leita aftur bjargræðis af landinu óbygðu, óræktuðu og bústofnslausu fyrir nýja landnema.

Það mun mega segja, að Alþingi hafi sjeð og viðurkent þessar ástæður. Þannig beri að skilja viðleitni þess ýmiskonar ræktun landsins til eflingar, en hitt er þá jafnvíst, þegar litið er til reynslunnar, að betur má ef duga skal.

Það hlýtur þess vegna að vakna sú spurning í huga, hvort ekki geti hugsast, að landbúnaðarlöggjöf landsins eigi einhvern beinan eða óbeinan þátt í þessum ástæðum, eða hvort hafa mætti áhrif um þessar ástæður með breyttri eða nýrri löggjöf. Hin einstöku lög, er snerta búnaðarmál, eru sett á ýmsum tímum, ein og ein í senn, án þess að nokkurn tíma hafi verið tekið fyrir að athuga þau í heild sem lagakerfi, er taka eigi til allra búnaðarmála og með þeim ákveðna tilgangi að vinna að því marki, að landið aukist svo að gæðum og verðmætum, að það geti ekki einasta veitt framsæri þeim hluta fólksfjölgunarinnar, sem verður í sveitunum sjálfum, heldur jafnvel einnig allri fólksfjölguninni, ef út af kynni að bera með hinn aðalatvinnuvegin, sjávarútvegin, eða þegar þróunarmöguleikar hans hafa náð hámarki.

Við teljum vöxt þjóðlifsins tryggast og eðlilegast bygðan upp við landnám á þeim grundvelli, sem að framan er dregið á. Við teljum, að það muni í raun og veru ekki vera ágreiningsmál á meðal þorra manna. Við teljum, að Alþingi hafi viljað stefna að þessu með sumum ráðstöfunum sínum. Hins vegar er það bert af reynslunni, að þetta hefir ekki tekist. Við fullyrðum ekki, að vantökin að þessu takmarki eigi rót að rekja til löggjafarinnar beint eða óbeint, en við hikum ekki við að telja það mikið og merkilegt rannsóknaratriði, og að það sje þess vert að skipa millipínganefnd til að athuga landbúnaðarlöggjöfina í heild sinni, og vísu til tillögunnar sjálfrar og framsögu málsins um það, hver sjeu hin helstu rannsóknaratriði, bæði að því er það snertir, sem hefir verið gert og látið ógert. Nefndin ætti að leita allrar líklegrar aðstoðar og upplýsinga um allt það, er þessu viðkemur, bæði hjer á landi og eins um það, er snertir reynslu og fyrirætlánir annara þjóða um byggingu og ræktun landa sinna. Við höfum að því leyti meira verkefni á þessu sviði en hver önnur gömul menningarþjóð, að land vort á óleyst miklu meiri gæði í skauti sinu, fyrst og fremst vegna strjálbýlisins, en hvert þeirra landa. Verkefnið er miklu stærra og yfirgrípsmeira en svo, að stjórnin eða þingið, á þeim tíma sem það starfar, hafi aðstöðu til að rannsaka það til nokkurrar hlítar. Þess vegna leyfum við okkur að leggja það til eindregið, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 4. maí 1926.

Jörundur Brynjólfsson,
frsm.

Halldór Stefánsson,
fundaskr.